



Reykjavík, 27. febrúar 2024

Nefndarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

**Umsögn um
frumvarp til laga um höfundalög
(gervigreindarfólk og sjálfvirk gagnagreining), 624. mál, þingskjal 930**

Myndstef hefur fengið til umsagnar frá nefndar- og greiningarsviði Alþingis, frumvarp til laga um höfundalög (gervigreindarfólk og sjálfvirk gagnagreining). Myndstef þakkar fyrir tækifærið að fá að veita umsögn um frumvarpið.

Myndstef fagnar því að verið sé að taka til skoðunar þetta mikilvæga málefni, og þau álitamál sem kvikna við sjálfvirka gagnagreiningu, eða sjálfvirka efnisvinnslu. Notkun gervigreindar er eitt helsta mál á baugi á sviði höfundaréttar í dag.

Almennt um Artificial Intelligence (sjálfvirk efnisvinnsla) og höfundarétt

Ekki er hægt að ræða um lög um gervigreind án þess að líta til þess að á vettvangi Evrópusambandsins stendur yfir mikilvæg vinna um gervigreind og notkun hennar, m.a. m.t.t. höfundaréttar, og mun sú vinna vonandi verða leidd til lykta á næstu mánuðum og þar með leggja til leikreglur um notkun gervigreindar, þ. á m. á sviði höfundaréttar.

„The AI act“, eins og frumvarpið hefur verið nefnt, hefur verið í vinnslu í næstum 2 ár, og þann 9. desember 2023 komust Evrópuþingið og framkvæmdastjórnin að samkomulagi um efnivið frumvarpsins.¹ Myndstef hefur fylgst með þróun málsins á vettvangi Evrópusambandsins og mun fylgjast með framgangi innleiðingar hér á landi.

Í reglugerðinni kemur fram varðandi höfundarétt, að höfundalög ESB beri að virða við notkun gervigreindarforrita á höfundavörðu efni, og tryggja skuli lágmarksreglur um gagnsæi til að réttahafar geti gætt réttinda sinna. Þetta þýðir að tryggja þurfi meginreglu höfundaréttar við notkun gervigreindar, þ.e.a.s. bæði gagnvart notendum tækninnar sem og við hvers konar sjálfvirka gagnagreiningu og gagnaöflun inn í þessa tækni, sem og aðra notkun miðlanna sjálfra.

¹ [Artificial Intelligence Act: deal on comprehensive rules for trustworthy AI | Atualidade | Parlamento Europeu \(europa.eu\)](#)

Þá þarf að tryggja ákveðið gagnsæi, og með því er eflaust átt við opið aðgengi að upplýsingum um efni sem notað er í gagnagrunnunum. Með öðrum orðum upplýsingar um þau hugverk sem notuð hafa verið (e. scraped).

Þannig verði eftir sem áður unnt að tryggja það að almennum reglum höfundaréttar verði fylgt eftir og að höfundar hafi þær upplýsingar sem þau þurfi til að nýta sinn einkarétt til að heimila eða banna notkun hugverka sinn, og eftir atvikum eigi rétt á höfundaréttarendurgjaldi vegna notanna.

Á meðan ekki er unnt að tryggja slíkt gagnsæi, þannig að þessi mikilvægi réttur höfunda geti virkað í samræmi við meginreglur höfundaréttar, og á meðan ekki er tryggt eða komið á fót ákveðnu kerfi sem geti komið slíku höfundaréttarendurgjaldi til þeirra sem eiga rétt á því (þ.e.a.s. til höfundanna og rétthafanna), þá er takmarkaður grundvöllur að mati Myndstefs fyrir því að leiða í höfundalög takmörkuð og afmörkuð ákvæði um gervigreind. Mikilvægt er að skoða ákvæði um gervigreind heildstætt, til að mynda mætti innleiða ákvæði um sjálfvirka gagngrunna inn í lög, sem tæku þá jafnt á þessum áskorunum, jafnt á hugverkum og tegund verka.

Einstakar athugasemdir og tillögur að úrbótum frá Myndstef

Myndstef vill taka fram að samtökin fagna þessu framtaki, og telja þau frumvarpið mikilvæga viðleitni, og mikilvægt fyrsta skref til að reyna að stemma stigu við þeim vanda og flækjustigi sem þessi nýja tækni skapar. Myndstef tekur undir athugasemdir þær sem koma fram í frumvarpinu einkum varðandi lausnir á „*deep fake*“ vandamálu, sem og þeirri hugmynd sem er varpað fram í 2. gr. frumvarpsins, sem að mati Myndstefs mætti vel skoða áfram.

Verður þó að mati Myndstefs að gæta jafnræðis og sanngirnis í þessum efnunum, og taka jafnt á öllum þeim mikilvægu hugverkum sem eru (mis)notuð í slíka gagnagrunna. Að auki mælir Myndstef með að skoðað verði að innleiða ákveðið kerfi, t.d. samningskvaðakerfi eða gagnsætt og árangursríkt „opt-in“ kerfi. Slíkt kerfi myndu virka vel við þau höfundalög og úrræði sem þegar gilda, og er þar einkum átt við þau höfundalagaákvæði sem innleidd verða með DSM tilskipuninni, tilskipun (EU) 2019/790 um höfundarétt í hinum stafræna innri markaði, sem stendur til að innleiða í íslensk lög, einkum 3. og 4. gr. þeirrar tilskipunar, og þau ákvæði sem þegar hafa verið lögfest í íslenskan höfundarétt.

Að lokum vill Myndstef benda á að 3. gr. frumvarpsins þyrfti að skoða vel, enda eru skilin þarna á milli: „*enda sé tilgangur slíkra eintaka að útbúa sjálfvirkar gagnagreiningar og vinna málfræðilegar og tölfræðilegar upplýsingar*“ mjög óskýr og oft á gráu svæði, og ef til vill of matskennt og óljós til að setja með þessu orðalagi inn í lög. Hér myndu tiltekin ákvæði úr DSM tilskipuninni vonandi leysa þennan vanda sem nefndur er í frumvarpinu, og því eflaust betra að samræma aðgerðir. Að auki samrýmist það varla tilgangi höfundaréttar að unnt sé að nota hugverk með þessum hætti án kerfis samningskvaða (eða annars endurgjaldskerfis), hvort sem hugverkið er fengið með löglegum hætti eður ei.

Að öðru leyti vísar Myndstef sérstaklega í ályktun frá EVA – European Artists, sem eru samtök höfundaréttarlögfræðinga og sérfræðinga á sviði sjónlista í Evrópu. EVA ályktaði um gervigreind árið 2023, sem Myndstef tók undir og meðundirritaði, en ályktunin er aðgengileg á vefslóð:

https://www.eartists.org/wp-content/uploads/2023/06/EVA-statement_Plenary-Session_June-2023.pdf

virðingarfyllst,

f.h. Myndstefs

Harpa Fönn Sigurjónsdóttir

lögfræðingur Myndstefs